

Kennarar: Elisabet Steingrimsdóttir, Kristín Bryndís Brynjólfsdóttir, Ragna Óskarsdóttir og Bjarnveig Guðbjörnsdóttir

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Í Hlíðaskóla er íslenska, samfélags- og náttúrugreinar kendar undir merkjum Byrjendalæsis. Aðferðin miðast við að vinna með hlustun, lestur, tal og ritun í einni heild samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli. Íslenskukennsla er að meðaltali 8,5 kennslustundir í viku. Dæmi um viðfangsefni í íslensku eru: stafainnlögn, lestur, lesskilningur, málfræði, skrift, ritun, hlustun, tjáning, framsögn og íslenskt táknmál.

Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að **læra**?

Meginmarkmið íslenskunáms er að efla málfar og stafsetningu, lestur og lesskilning. Nemendur auki orðaforða sinn og kynnist margskonar sögum og ljóðum. Nemendur æfa sig í því að skrifa skýrt og læsilega með tengikrókum.

Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?

Ritrún

Lesrún

Stóra sögubókin

Stílabók

Skript 1b og 2a

Ýmis verkefni úr bókum í Byrjendalæsi

Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum

Spurt og svarað
Hópavinna(námsfélagar)

Í íslenskukennslu er byggt á hugmyndafræði læsis þar sem hlustun, lestur, tal og ritun fléttast saman í eina samfellda heild. Markmiðið er að auka lestrarfærni, efla orðaforða og dýpka lesskilning í gegnum fjölbreytta texta og lengri barnabækur.

Vinnuferlið byggir á þremur skrefum:

1. **Inntak textans:** Nemendur lesa sjálfir, með öðrum eða hlusta á upplestur. Rætt er ítarlega um innihald, söguþráð og persónur. Spáð er í framhald sögunnar, duldar merkingar ræddar og flóknari orð eða hugtök útskýrð til að dýpka lesskilning.
2. **Tæknilegir þættir og málfræði:** Farið er dýpra í byggingu tungumálsins. Unnið er með uppbyggingu setninga, greinarmerki, helstu orðaflokka (nafnorð, sagnorð, lýsingarorð) og stafsetningarreglur sem tengjast textanum.
3. **Enduruppbygging og sköpun:** Sjálfstæðari skapandi vinna þar sem nemendur

nýta inntakið til að skapa eitthvað nýtt. Þau skrifa lengri texta eða endursagnir, æfa sig í að svara lesskilningsspurningum í heilum setningum og vinna verkefni sem reyna á bæði munnlega og skriflega tjáningu.

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Aston index - Stafsetningarpróf

Orðarún próf

Lesfimi

Námsmat og framvinda í íslensku:

- Námsmat í íslensku byggir á hugmyndafræði leiðsagnarnáms og er framkvæmt sem símat allt skólaárið. Tilgangurinn er að fylgjast jafnt og þétt með framförum nemenda og grípa inn í með viðeigandi stuðningi ef þörf krefur.
- Dagleg vinna og endurgjöf: Frammistaða er metin út frá daglegri vinnu, þátttöku í umræðum og framlagi í hópastarfi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur fái hvetjandi og uppbyggilega endurgjöf jafnóðum, á meðan námsefnið er þeim enn ferskt í minni.
- Kannanir og lesskimun: Færni í lesskilningi, réttitun og ritun er könnuð reglulega yfir veturinn til að kortleggja stöðu hvers og eins. Lesfimipróf (sem mæla lestrarhraða og nákvæmni) eru lögð fyrir í október, janúar og maí.
- Upplýsingagjöf og samstarf: Öll framvinda og niðurstöður námsmats eru birtar á Mentor. Þessar upplýsingar nýtast síðan sem mikilvægur grunnur fyrir samtal heimilis og skóla í nemenda- og foreldraviðtölum.

Viðmið úr námskrá

- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva
- Sagt frá eftirminnilegum atburðum
- Endursagt einfaldan texta
- Tjáð sig frammi fyrir hópi
- Valið sér lesefni eftir áhuga og lesið sögur, ljóð og fræðiefni sem hæfir lestrargetu
- Lesið skýrt og áheyrilega
- Nýtt sér rím við ljóðagerð
- Nýtt nýjan orðaforða í eigin verkum
- Skrifað skýrt og læsilega með tengikrókum
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í uppbyggingu texta, svo sem upphafi, miðju og endi
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem frásagnir, sögur og ljóð
- Þekkir samheiti og andheiti
- Raðað í stafrófsröð
- Greinir mun á sérnöfnum og samnöfnum og bent á þau í eigin texta
- Þekkt mun á eintölu og fleirtölu

- Búið til málsgreinar og nýtt sér þá kunnáttu í ritun